

Árskýrsla fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu 2023-2024

Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu var stofnuð árið 2006. Í fagráði sitja sex félagsráðgjafar:

- Sírý Sif Sigurlaugardóttir, doktorsnemi við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands. Hún hefur setið í fagdeildinni í nokkur ár en sagði sig frá störfum nú í vetur og þökkum við henni kærlega fyrir hennar framlag til nefndarinnar þau ár sem hún hefur setið í henni. Hún hefur haldið vel utan um þau mál sem fagdeild hefur verið úthlutað og verið mjög virk.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir, verkefnastjóri upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu Alzheimersamtakanna.
- Sigrún Þórarinsdóttir, félagsráðgjafi í öldrunarmálum á Norðurmiðstöð Reykjavíkurborgar.
- Þorbjörg Árnadóttir, félagsráðgjafi á fræðslu- og gæðasviði Grundarheimilanna.
- Guðbjörg María Árnadóttir, deildarstjóri dagendurhæfingar á Hrafnistu Laugarási.
- Herdís Björnsdóttir, félagsráðgjafi og sérfræðingur hjá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Fagráðið heldur úti síðu á Facebook, þar sem viðburðir og tilkynningar frá Félagsráðgjafafélaginu, fréttir af öldrunarmálum á Íslandi og annað sem kemur málaflöknum við er birt. Fagráð leggur sig fram um að virkja félagi í hópnum en mismikil virkni er þar. Félagar í hópnum eru 58.

Félagsráðgjafafélagið fær reglulega boð um að skrifa umsagnir við þingsályktunartillögur og lagafrumvörp í samráðsgátt Alþingis. Fagráð kemur þeim skrifum í þeim málum er snerta málefni eldra fólks og öldrunarþjónustu. Á liðnu ári hafa eftirfarandi mál komið til umræðu:

- Þingsályktun um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. 154. Löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 115 – 115. mál.

Einnig barst fagráðinu beiðni um að rýna nýja heimasíðu í öldrunarmálum, sem er hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnar í málefnum eldra fólks og heitir *Gott að eldast*. Heimasíðan er hluti af því að koma upplýsingum til eldra fólks og aðstandenda á einn stað sem allir geta leitað á. Heimasíðan sem um ræðir er <https://island.is/lifsviðburdir/ad-eldast>

Fagdeildin tók ekki þátt í Félagsráðgjafarþinginu í ár með erindi.

Fyrir hönd fagráðs félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu,

Ásta Kristín Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi MA.